

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur H. Oddsson og Helgi Benediktsson, greiði in solidum stefnanda, Þórði Halldórssyni, kr. 47.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 6275.00 í málskostnað. Þar af hljóti stefnandi kr. 1275.00, en skipaður málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hrl., kr. 5000.00 í málflutningslaun. Jafnframt hljóti hann kr. 5000.00 í málflutningslaun úr ríkissjóði.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Oddi, VE 353, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1961.

Nr. 115/1959. **Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna**
Sveinbjörnssonar (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
 gegn
Hilmari Erni Gunnarssyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1959 og krafist þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna Sveinbjörnssonar, greiði stefnda, Hilmarí Erni Gunnarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hilmar Örn Gunnarsson, bankaritari hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan gegn Sveinbirni Jónssyni, Drápuhlíð 15, hér í bænum, fyrir hönd ófjárráða sonar hans, Bjarna Sveinbjörnssonar, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.333.34, ásamt 7% ársvöxtum frá 28. október 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 28. október 1955 milli kl. 2100 og 2345, á meðan stefnandi var á kvikmyndasýningu í Austurbæjarbíói, var bifreið hans, R 2309, tekin af bifreiðastæði við Snorrabraut. Kveðst stefnandi hafa gengið frá bifreiðinni þarna læstri, bæði kveikjúlás og hurðum, að því er hann bezt hafi vitað. Strax og stefnandi sá, að bifreiðin var horfin, tilkynnti hann lögreglunni um það, en fékk síðan kunningja sinn, sem á bifreið, til að hefja leit með sér. Um kl. 0030 þá um nóttina fundu þeir bifreiðina, þar sem henni hafði verið ekið út af skammt frá gatnamótum Hringbrautar og Sóleyjargötu. Kveður stefnandi augljóst, að bifreiðin hafi oltið þarna og farið að minnsta kosti eina veltu. Morguninn eftir atburð þenna fóru rannsóknarlögreglumenn á vettvang. Komu þeir að bifreiðinni, þar sem hún stóð úti í mómum sunnan Hringbrautar. Var bifreiðin mjög mikið skemmd að áliti lögreglumannanna. Í marzmánuði 1957 var upplýst, að Bjarni Sveinbjörnsson hafði átt þátt í töku bifreiðarinnar R 2309 í umrætt skipti og hafði ásamt tveimur öðrum piltum verið í henni, er bifreiðinni var ekið út af.

Bjarni Sveinbjörnsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið á gangi við Austurbæjarbíó, hér í bænum, ásamt

þeim Gunnari Kristinssyni og Viggó Viggóssyni. Hafi þeir farið að ræða um og orðið ásáttir um að taka bifreið í leyfisleysi og aka eitthvað. Hafi þeir síðan ákveðið að taka 4 manna bifreið af Austingerð, sem þarna var, en hún hafi verið læst. Bjarni kveður þá Gunnar hafa verið með naglasköfur. Hafi Gunnar opnað bifreiðina með naglasköfu sinni, en hins vegar hafi hann sjálfur, þ. e. Bjarni, opnað kveikjulás bifreiðarinnar með sinni naglasköfu. Kveður hann þá félagar þrjá síðan hafa farið inn í bifreiðina. Hafi hann sjálfur sett undir stýri og ekið bifreiðinni suður að Miklartorgi, en þar hafi Gunnar tekið við og ekið fyrst upp í Hlíðar, en síðan vestur Hringbraut. Í ferðalagi þessu kveður Bjarni Gunnar hafa ekið utan í tunnur og einnig utan í bifreið, sem lítið muni þó hafa skemmt. Er bifreiðin kom á Hringbraut, kveður Bjarni Gunnar hafa ekið á allmiklum hraða, en allt í einu hafi bifreiðin sveiflast til á veginum, en síðan farið út af honum og farið nokkrar veltur.

Gunnar Kristinsson hefur skýrt svo frá, að þeir félagarnir hafi í upphafi rætt um að taka einhverja bifreið í leyfisleysi og aka henni, en kveðst ekki muna, hver þeirra hafi stungið upp á þessu. Hafi þeir síðan svipast um eftir bifreið og þá komið auga á bifreið, sem stóð fyrir utan kvikmyndahúsið. Bifreið þessi hafi verið lokuð, en Bjarni hafi opnað hana með naglasköfu og sett hana í gang. Kveður Gunnar þá Viggó hafa staðið sunnar á Snorrabraut, á meðan á þessu stóð, en Bjarni hafi síðan komið akandi til þeirra og tekið þá upp í bifreiðina. Bjarni hafi síðan ekið áfram að Miklartorgi, en þar hafi hann ekið á vegbrúnasteina. Kveðst Gunnar þá hafa tekið við akstri bifreiðarinnar og ekið upp í Hlíðar, en í þeirri ferð hafi honum orðið það á að aka utan í aðra bifreið. Gunnar kveðst síðan hafa ekið vestur Hringbraut, því ætlunin hafi verið að aka vestur í bæ, en skila síðan bifreiðinni, áður en kvikmyndasýningu lyki. Kveðst hann hafa ekið vestur Hringbraut á miklum hraða, 90—100 km miðað við klukkustund, að því er hann gizkar á. Er hann sá bifreið standa á götunni, kveðst hann hafa ætlað að hægja á ferð bifreiðarinnar og sett vélina í 3. ganghraðastig. En við það hafi bifreiðin tekið að sveiflast til á götunni. Gunnar kveður þá Viggó, sem setið hafi við hlið sér, hafa tekið í handhemil bifreiðarinnar, en við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni, sem hafi þá kastast út af veginum og farið nokkrar veltur.

Viggó Örn Viggósson hefur skýrt svo frá, að hann hafi í um-

rætt skipti verið á gangi á Snorrabraut, skammt fyrir sunnan Austurbæjarbíó, er bifreið hafi verið ekið frá kvikmyndahúsinu í áttina til hans og bifreiðin síðan stöðvuð hjá honum. Kveður hann Bjarna Sveinbjörnsson hafa verið undir stýri bifreiðarinnar, en Gunnar Kristinsson hafa setið í aftursæti hennar og kveður þá hafa boðið sér að koma með í bifreiðina. Kveðst Viggó síðan hafa setzt í framsæti bifreiðarinnar hjá Bjarna. Við Miklatorg kveður Viggó Gunnar hafa tekið við stjórn bifreiðarinnar og ekið fyrst um Hlíðahverfið, en síðan vestur Miklubraut og þá með ofsahraða. Á Miklubraut kveður Viggó Gunnar hafa misst stjórn á bifreiðinni og hafi hún farið út af veginum. Hefur Viggó eindregið neitað því að hafa tekið í handhemil bifreiðarinnar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum hinn 2. júlí 1957, var umræddur Gunnar Kristinsson dæmdur til refsingar, m. a. fyrir framangreint atferli, og var honum jafnframt gert að greiða stefnanda máls þessa skaðabætur, kr. 25.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 28. október 1955 til greiðsludags, en bótakrafa þessi hafði verið samþykkt af hálfu nefnds Gunnars. Ekki mun hafa verið höfðað opinbert mál gegn stefnda út af atburði þessum sökum æsku hans.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi verið með-sekur um töku bifreiðarinnar á ólögmatan og refsiverðan hátt og beri því ábyrgð á tjóni því, sem af hafi hlotizt. Refsimál það, sem höfðað hafi verið út af atburði þessum, hafi ekki verið höfðað á hendur Bjarna Sveinbjörnssyni, og hafi því ekki verið grundvöllur fyrir skaðabótakröfu á hendur honum í því máli.

Af hálfu stefnanda hefur því verið lýst yfir, að Gunnar Kristinsson og Viggó Örn Viggósson hafi hvor um sig greitt þriðja hluta af fjárhæð skaðabótakröfu þeirrar, sem umræddum Gunnari var gert að greiða samkvæmt dómi í framangreindu refsimáli. Jafnframt hafi verið farið fram á það við stefnda, að hann greiddi hluta af tjóni stefnanda, en því hafi verið hafnað, þar sem ekki væri talið að stefndi ætti sök á tjóninu. Krefur stefnandi stefnda því um bætur fyrir þriðja hluta af tjóni því, sem hann telur sig hafa orðið fyrir.

Stefndi reisir kröfur sínar í máli þessu í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi í sakadóm Reykjavíkur haft uppi kröfur um bætur fyrir allt það tjón, sem hann hafi orðið fyrir út af framan-greindum atburði, og hafi fengið þær bætur tildæmdar sam-

kvæmt dómi þess dómstóls. Sá dómur sé bindandi um úrslit þess sakarefnis, sem fjallað sé um í þessu máli, og eigi stefnandi samkvæmt því ekki kröfu um bætur úr hendi stefnda.

Þá reisir stefndi kröfur sínar jafnframt á því, að stefnandi hafi ekki heimild til að skipta bótakröfu sinni, eins og gert sé, enda beri samkvæmt 46. gr. einkamálalaganna að hafa skaðabótakröfuna uppi gegn öllum þeim þremur aðiljum, sem kunni að vera bótaskyldir gagnvart stefnanda fyrir umrætt tjón.

Stefndi reisir kröfur sínar einnig á því, að hinn 6. maí 1957 hafi stefnandi fyrir sakadómi Reykjavíkur einungis gert kröfu til þess, að Gunnar Kristinsson yrði dæmdur til að greiða bætur vegna framangreinds tjóns, og hafi stefnandinn ekki áskilið sér rétt til að krefja stefnda um bætur. Með þessu hafi stefnandi firrt sig rétti til að krefja stefnda um bætur, hafi sá réttur verið fyrir hendi.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi verið Gunnar Kristinsson, en ekki stefndi, sem ók greindri bifreið, er hún skemmdist. Hafi stefndi engan hlut átt að því að skemma bifreiðina. Skipti í því sambandi engu máli, þótt stefndi hafi verið meðsekur nefndum Gunnari um töku bifreiðarinnar.

Að lokum hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að af síðast greindum ástæðum hljóti allavega að leiða, að stefndi beri ekki eins mikla ábyrgð á tjóni stefnanda og umræddur Gunnar Kristinsson.

Við munnlegan flutning málsins var því hreyft af hálfu stefnda, að vísa beri málinu ex officio frá dómi.

Ekki verður talið, að framangreindur dómur sakadóms Reykjavíkur sé bindandi um úrslit sakarefnis máls þessa, enda var stefndi ekki sakaraðili í því máli.

Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, þá verður að telja nægjanlega fram komið, að Bjarni Sveinbjörnsson, sem var 14 ára, er umræddur atburður varð, hafi átt slíkan þátt í töku bifreiðarinnar og akstri hennar, m. a. með því að afhenda nefndum Gunnari stjórn bifreiðarinnar, að það baki honum ásamt öðrum, sem samábyrgir kunna að vera, bótaskyldu fyrir öllu því tjóni, sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir vegna töku bifreiðarinnar. Í því sambandi verður eigi talið, að ákvæði 46. gr. einkamálalaganna standi í vegi fyrir því, að efnisdómur gangi í málinu, og eigi verður heldur talið, að stefnandi hafi firrt sig rétti til höfðunar máls þessa.

Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að tjón stefnanda

sé eins mikið og hann heldur fram. Á hinn bóginn hefur því ekki verið haldið fram, að stefnandi hafi fengið meira greitt af bótakröfu sinni en sem að framan greinir.

Fjárhæð stefnukröfunnar hefur stefnandi ákvarðað þannig, að frá kaupverði bifreiðarinnar, kr. 33.000.00, hefur hann dregið verð það, sem hann fékk fyrir bifreiðina, eftir að hún skemmdist, kr. 15.000.00. Við mismun þeirra fjáræða, kr. 18.000.00, hefur stefnandi lagt kr. 7000.00, sem hann kveður vera þá fjárhæð, sem hann hafi varið til að endurbæta bifreiðina, frá því að hann keypti hana og þar til er hún varð fyrir umræddu tjóni. Af fjárhæð þessari, kr. 25.000.00, sem hann telur tjón sitt, kveður stefnandi stefnda eiga að greiða þriðja hluta, þ. e. kr. 8333.34.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð seljanda og kaupanda bifreiðarinnar, er staðfesta, að kaupverð og söluverð bifreiðarinnar eru rétt tilgreind hjá stefnanda. Þá hefur verið lagt fram vottorð bifreiðaverkstæðis eins hér í bænum, þar sem segir, að samkvæmt frumbókum fyrirtækisins hafi farið fram viðgerðir og endurbætur á bifreiðinni á tímabilinu 23. júlí 1954 til 16. maí 1955 fyrir reikning stefnanda, að fjárhæð kr. 5.504.96. En auk þess hafi verið framkvæmdar á umræddu tímabili ýmsar smærri viðgerðir gegn staðgreiðslu og komi því ekki fram í frumbókum. Í málinu hafa verið lögð fram afrit af blöðum úr frumbók fyrirtækis þessa, er staðfesta greinda fjárhæð, kr. 5.504.96.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að framkvæmdir þær við bifreiðina, sem staðfestar eru af hinum framlögðu gögnum, hafi að langmestu leyti verið til eðlilegs viðhalds bifreiðarinnar, sem var af árgerð 1946.

Að öllu því athuguðu, sem að framan hefur verið rakið, þykir tjón stefnanda vegna framangreinds atburðar hæfilega ákveðið kr. 20.500.00.

Eins og að framan er rakið, hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að þeir Gunnar Kristinsson og Viggó Örn Viggósson hafi hvor um sig greitt þriðja hluta af skaðabótakröfu stefnanda, þ. e. samtals kr. 16.666.68. Samkvæmt þessu verður stefndi aðeins dæmdur til að greiða mismun þeirrar fjárhæðar og fjárhæðar tjóns stefnanda, eins og hún er ákveðin í þessu máli.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.833.32, þ. e. $20.500.00 \div 16.666.68$, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. október 1955 svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkjum.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinbjörn Jónsson f. h. Bjarna Sveinbjörnssonar, greiði stefnanda, Hilmarí Erní Gunnarssyni, kr. 3.833.32 með 6% ársvöxtum frá 28. október 1955 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15. daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1961.

Nr. 215/1960. Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f

gegn

Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. Þrotabús Þingvalla h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1960, er Hæstarétti barst 14. s. m., og krafist þess, að tekin verði við skipti á þrotabúinu til greina krafa hans, kr. 22.513.22, en til vara kr. 14.018.35, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta sætir eigi kæru til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. b 198. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að